Hafnarfjörður

Menntasjóður

Reglur um styrkveitingar menntasjóðs vegna þróunarverkefna í tengslum við Menntastefnu Hafnarfjarðar. Styrkurinn er einungis ætlaður þeim leikskólum, grunnskólum, tónlistarskóla, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum sem reknar eru af Hafnarfjarðarbæ. Tillaga: Styrkurinn er ætlaður öllum leikskólum, grunnskólum, tónlistarskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum sem starfa í Hafnarfirði og eru í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ.

1. Tilgangur styrkveitinganna er að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi í skóla- og frístundastarfi ~~mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar~~ í Hafnarfirði. Styrkirnir eru ætlaðir til verkefna sem efla samvinnu, fjölbreytni, gæði og fagmennsku í starfi með börnum, stuðla að auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Verkefnin skulu styðja við eða efla fagstarf með áherslu á þátttöku barna og ungmenna ~~á starfsstöðum sviðsins~~. Árleg framlög eru ákveðin í fræðsluráði Hafnarfjarðar, og styrkveitingar fara fram í samræmi við áherslur Menntastefnu Hafnarfjarðar.

2. Forsenda styrkveitingar er að þróunar- og nýsköpunarverkefni byggi á áherslum Menntastefnu Hafnarfjarðar, þar sem leiðarljósin eru vellíðan, fjölbreytni, sköpun og samvinna. Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs ákveður árlega hvaða áherslur gilda og eru þær kynntar fyrir skólasamfélaginu áður en umsóknarferli hefst.

3. Úthlutað er til leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva fyrir hvert skólaár, út frá einföldu og skýru umsóknarferli með áherslum sem ákveðnar eru á hverju ári.

4. Fagnefnd skipuð fulltrúum tilnefndum af sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs fer yfir umsóknir og tilkynnir niðurstöður styrkveitinga.

5. Umsóknarfrestur er til 1. febrúar ár hvert. Umsóknum skal skila á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um úthlutunarferlið má finna á vef Menntastefnu Hafnarfjarðar. Tillaga: Umsóknarfrestur er til 1. febrúar ár hvert. Umsóknum skal skila í gegnum rafrænt umsóknarform. Hlekkur á umsóknarform og upplýsingar um úthlutunarferlið eru birt á Workvivo undir hópnum Mennta- og lýðheilsusvið.

6. Mat á umsóknum fer fram með hliðsjón af:

    a. tengingu við Menntastefnu Hafnarfjarðar,

    b. markmiðum verkefnis og líkum á að þeim verði náð,

    c. raunhæfri verk- og tímaáætlun,

    d. væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf.

   Ef umsókn uppfyllir ekki skilyrði fær umsækjandi ~~hálfan mánuð~~ fimm virka daga til að gera nauðsynlegar úrbætur.

7. Greinargerðum um lokin verkefni skal skila eigi síðar en ~~10. júní ár hvert, samkvæmt skilmálum sem finna má á vef Menntastefnu Hafnarfjarðar.~~ Tillaga: 10. júní árið sem verkefni lýkur, samkvæmt skilmálum og leiðbeiningum sem birt eru á Workvivo í hópnum Mennta- og lýðheilsusvið.

8. Styrkir úr Menntasjóði eru ætlaðir til þess að styðja við þróunar- og nýsköpunarverkefni samkvæmt markmiðum sjóðsins. Ekki eru veittir styrkir til greiðslu launa starfsmanna eða kostnaðar við verkefnastjórn starfsmanna. Heimilt er að veita styrki vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, ráðgjafar, fræðslu, námskeiða, fyrirlestra eða annars kostnaðar sem fellur til við framkvæmd verkefnisins og samræmist markmiðum sjóðsins.

9. Fagnefnd er heimilt að veita lægri styrk en sótt er um og takmarka styrkveitingu við tiltekna verkþætti eða kostnaðarliði umsóknar. Verði umsókn samþykkt að hluta skal umsækjanda tilkynnt um fjárhæð styrksins og gefinn kostur á að samþykkja eða hafna styrknum áður en til úthlutunar kemur.

10. Greiðslur úr sjóðnum berast viðkomandi starfsstað.

11. Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs getur óskað eftir því að styrkþegar kynni verkefni sín. Gerð skal grein fyrir verkefninu í starfsáætlun viðkomandi starfsstaðar, þar með talið hvernig það tengist innleiðingu Menntastefnunnar.

12. Mennta- og lýðheilsusvið leggur skýrslu fyrir fræðsluráð um úthlutanir. Jafnframt skal leggja fram yfirlit yfir þau verkefni sem lokið er.

Reglur þessar voru fyrst samþykktar í fræðsluráði 10. desember 2025. Breytingar samþykktar í fræðsluráði XXXX.2026

_____

Árný Steindóra Steindórsdóttir
Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar

DRÖG